

Hestamannafélagið Borgfirðingur

Aðalfundur 24.11.2021

Fundargerð

Við upphaf fundar í Hjálmakletti kl. 20 voru 34 félagar mættir

Formaður, Ólafur Flosason, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Bar hann upp tillögu um að Helgi K Helgason yrði kjörinn fundarstjóri og ritarar þau Brynja Gná Heiðarsdóttir og Kristján Gíslason. Var það samþykkt einróma.

Helgi Helgason fundarstjóri tók við stjórn fundarins og þakkaði fundarmönnum traustið. Gaf hann þá formanni, Ólafi Flosasyni orðið.

Skýrsla stjórnar

Formaður fór yfir starfsemina á árinu sem var töluverð þrátt fyrir Covid ástand. Hæst bar Fjórðungsmótið sem haldið var í Borgarnesi og tókst afar vel. Hann mun ekki bjóða sig fram aftur og þakkaði hann stjórnarmönnum fyrir samstarfið á árinu. (skýrsla stjórnar birtist í heild sinni á heimasíðu félagsins).

Þar sem gjaldkeri var ekki mættur vegna anna í starfi er liðnum reikningar frestað þar til síðar á fundinum og var þá gengið til næsta fundarliðar sem var skýrslur nefnda.

Skýrslur nefnda

Reiðveganefnd: Guðlaugur Antonsson kynnti verkefni nefndarinnar á starfsárinu.

Húsnefnd félagsheimilis: Marteinn Valdimarsson fór yfir verkefni húsnefndar á starfsárinu.

Umhverfisnefnd: Valdimar Reynisson fór yfir starf nefndarinnar á árinu – töluvert var unnið við gróðursetningu á félagssvæðinu við Vindás, kemur árangur þess í ljós á næstu árum.

Selás ehf: Hrefna Jónsdóttir fór yfir málefni Selás ehf. Er reksturinn afar erfiður og vandséð hvert hann stefnir. Viðræður standa yfir við Borgarbyggð um reksturinn.

Reikningar félagsins

Halldór Sigurkarlsson gjaldkeri félagsins fór yfir reikninga félagsins sem voru yfirfarnir og áritaðir sf skoðunarmönnum félagsins.

Úr efnahagsreikningi: Eignir félagsins eru kr. 80.809.822.- Skuldir kr. 762.535.- Eigið fé því kr. 80.047.287.-

Úr rekstrarreikningi: Tekjur samtals kr. 13.117.075.- Gjöld kr. 12.148.783.- Hagnaður fyrir sfskriftir: kr. 968.292.- Rekstrarhalli að teknu tilliti til afskrifta og vaxta og bankakostnaðar kr. 57.654.-

Umræður um skýrslu stjórnar, reikninga og nefndarálit.

Guðrún Fjeldsteð þakkaði nefndum góð störf á árinu. Spurði út í reiðvegagerð, gerði á Sópandaskarði og samstarf við Vegagerðina varðandi undirgöng við Brennistaði.

Þórdís Arnardóttir spurði út í ógreidd árgjöld og hvort skuldugir verði teknir af félagaskrá.

Guðlaugur Antonsson svaraði fyrir reiðveganefndina. Varðandi undirgöng við Brennistaði kom fram að það er mjög dýr framkvæmd og hefur ekki verið rædd við Vegagerðina en rétt að fara að taka það upp.

Gjaldkeri fór yfir það að allmörg félagsgjöld eru útistandandi. Er það dýrt fyrir félagið að hafa marga féлага sem greiða ekki gjöld en skv. lögum félagsins á að strika þá út eftir ákv. tíma. Sagðist hann hafa sent tölvupóst til þeirra sem skulduðu félagsgjöld.

Marteinn fór yfir stöðuna varðandi félagsgjöldin og fleira varðandi ársreikninginn.

Fundarstjóri bar upp reikninga félagsins til afgreiðslu – voru þeir samþykktir samhljóða.

Inntaka nýrra féлага og úrsagnir.

Í félagið hafa gengið sex nýir félagar frá síðasta aðalfundi og átta hafa tilkynnt úrsögn sína.

Kosningar

Beitarnefnd: Ólafur Þorgeirsson formaður, Sævar Þórisson, Sigurður Örn Sigurðsson, Þórður Sigurðsson, Halldór Sigurðsson

Reiðveganefnd: Guðlaugur Antonsson formaður, Davíð Sigurðsson, Reynir Magnússon, Sigurjón Svavarsson, Halldór Sigurðsson.

Æskulýðsnefnd: Helga Rósa Pálsdóttir, Iðunn Silja Svansdóttir, Gunnar Halldórsson

Skemmtinefnd: Þórður Sigurðsson, Brynja Gná Bergmann Heiðarsdóttir, Heiða Dís Fjeldsted, Þórdís Fjeldsted.

Laganefnd: Gunnar Örn Guðmundsson, Sigurður Oddur Ragnarsson, Gíslína Jensdóttir.

Ferðanefnd: Kolbeinn Magnússon formaður, Sigríður Arnardóttir, Halldóra Jónasdóttir, Jón Eyjólfsson

Fræðslunefnd: Baldur Pétursson, Alda Björnsdóttir, Hildur Ýr Haraldsdóttir

Firmanefnd: Haukur Bjarnason, Halldór Sigurðsson.

Mótanefnd vetrar): Iðunn Silja Svansdóttir, Halldór Sigurkarlsson

Umhverfisnefnd: Guðmundur Skúli Halldórsson formaður, Steinunn Árnadóttir, Valdimar Reynisson

Húsnefnd: Marteinn Valdimarsson, Kristján Gíslason, Guðrún Sigurðardóttir, Árni Guðjónsson

Uppstillingarnefnd: Bryndís Brynjólfssdóttir formaður, Jóhannes Jóhannesson, Þorsteinn Eyþórsson

Vallarnefnd: Halldór Sigurkarlsson, Reynir Magnússon, Benedikt Línal

Skoðunarmenn reikninga: Jón Haraldsson og Helgi K Helgason

Varaskoðunarmenn reikninga: Helga Björg Þorsteinsdóttir, Kristján Gíslason

Stjórnarkjör:

Þorsteinn Eyþórsson nefndarmaður í uppstillingarnefnd kynnti tillögu nefndarinnar.

Formaður til eins árs: Eyþór Jón Gíslason – samþykkt með lófataki

Stjórnarmenn til tveggja ára: Sigurþór Ágústsson, Þórdís Arnardóttir og Rósa Björk Jónsdóttir.

Ákvörðun félagsgjalda:

Tillaga stjórnar um félagsgjöld verði óbreytt. Hrefna Jónsdóttir ber upp þá tillögu að félagsgjöldin verði kr. 8.500.- Þórður Sigurðsson bar upp þá tillögu að félagsgjöldin verði kr. 10.000.- Guðrún Fjeldsteð ber upp tillögum um að félagsgjaldið verði kr. 9.000.-

Til máls tóku: Halldór Sigurðsson, Sigurþór Ágústson, Ólafur Flosason, Haukur Bjarnason,

Fundarstjóri bar upp tillögu um árgjald kr. 10.000.- var það samþykkt með 18 atkv. gegn 7.

Tillaga um hagagjöld:

Tillaga um að gjöldin verði óbreytt frá síðasta ári.

Sumarbeit 3.500.- Haustbeit 3.000.- Heilsársbeit 6.000.-

Til máls tóku: Ólafur Þorgeirsson, Sveinbjörn Eyjólfsson, Halldór Sigurðsson, Helgi Björn Ólafsson, Marteinn Valdimarsson,

Ólafur Flosason leggur til að allir liðir hækki um 1000.- Verði þá sumarbeit 4.500.- haustbeit 4.000.- heilsársbeit 7.000.-

Tillaga Ólafs borin undir atkvæði og er samþykkt með 18 atkv. gegn 4.

Önnur mál:

Ólafur Flosason kynnti umsókn félagsins um að fá að halda Íslandsmót barna í sumar og hefur fengið því úthlutað. Verður það verkefni komandi stjórnar að standa fyrir því.

Marteinn Valdimarsson kynnti tillögu varðandi Faxaborg sem hann óskar eftir að verði tekin til umræðu og afgreiðslu. Tillagan er svohljóðandi: „Aðalfundur Hestamannafél. Borgfirðings haldinn í Hjálmakletti 24. nóv. 2021, samþykkir að veita stjórn félagsins heimild til að taka þátt í aukningu hlutafjár í Vindási ehf sem nemur áhvílandi virðisaukaskatts kvöð á Vindás ehf að upphæð um 15 millj. kr. Hluttur Borgfirðings verði hið minnsta 37,29 % en að hámarki 41,99 %.“

Til máls tóku: Ólafur Flosason, Kristján Gíslason, Marteinn Valdimarsson, Helgi Björn Ólafsson, Ólafur Flosason, Hrefna Jónsdóttir,

Fundarstjóri las upp tillöguna og bar undir atkvæði og var tillagan samþykkt samhljóða.

Sveinbjörn Eyjólfsson ræddi gildi gleðinnar í öllum félagsskap, ekki hvað síst í hestamannafélaginu. Nefndi sem dæmi námskeið 50+, ísmót á Vatnshamravatni og fleira sem vekur gleði.

Eyþór Jón Gíslason nýkjörinn formaður tók til máls. Þakkaði hann það traust sem honum er sýnt með því að gera hann að formanni.

Þakkaði hann fráfaraudi stjórnarmönnum þeirra störf og bauð þá nýkjörnu velkomna. Að svo mæltu sleit hann fundi kl. 22:20.

Helgi K Helgason fundarstjóri

Kristján Gíslason fundarritari

Brynja Gná Heiðarsdóttir fundarritari